

Sp.

707. Þingsályktun

[55. mál]

um fiskirannsóknir á Breiðafirði.

(Afgreidd frá Sp. 31. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta, svo fljótt sem við verður komið vegna annarra rannsókna, sem nú er unnið að, framkvæma fiskirannsóknir á Breiðafirði og innfjörðum hans. Rannsóknir þessar fari fram, eftir því sem hægt er, í samráði við vélbátaformenn í útgerðarstöðvum við Breiðafjörð. Landssambandi isl. útvegsmanna skal tilkynnt um árangur rannsókna, þegar hann er fyrir hendi.